

4. fundur æskulýðsnefndar LH 2024-2026

7. mars 2025 kl. 17:00

Staðarfundur og fjarfundur

Mætt í LH: Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, Jón Þorberg Steindórsson, Ástríður Magnúsdóttir, Rakel K. Sigurhansdóttir og Sigurbjörn Eiríksson.

Mættir í fjarfundi: G. Linda Björgvinsdóttir.

Forföll boðuðu: Stefán G. Stefánsson og Þórhildur Katrín Stefánsson og Ellen Ýr Gunnlaugsdóttir.

Fundargerð ritar: Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Ræðum og setjum okkur stefnu með nefndarstarfinu.
 - a. Taka saman það sem kemur úr fundarferð og vinna úr því verkefni.
 - b. Skógarhólar – Rætt um möguleika fyrir viðburði þar. Planað að byrja á Fjölskyldudegi að Skógarhólum þar sem fjölskyldur geta komið, farið í skipulagðan reiðtúr um þjóðgarðinn og grillað í lokinn. Skoða fleiri staði á landinu líka til að geta skipst á. Skoða æskulýðsdaga hjá Blæ
 - c. Æskan og hesturinn – Nefndin vill gjarnan sjá það aftur á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt á að boða félögin á höfuðborgarsvæðinu á okkar fund eftir fundarferð.
 - d. Skoða með að virkja unglingaráð til að fá hugmyndirnar frá æskunni sjálfri.
 - e. Æskulýðsþing – skoða með að hafa Landsþing þar sem ungliðar og forsvarsmenn æskulýðsnefndar koma saman á þing.
 - f. Skoða hvernig félögum gengur að manna æskulýðsnefnd og ertu félögin að veita eitthvað fyrir það.
 - g. Félagshesthúsin – heyra í félögunum hvort þau séu með félagshesthús og hvernig skipulagið þar er,
 2. Farið yfir hvaða félög hafa svarað fyrirspurn æskulýðsnefndar varðandi æskulýðsformenn félaganna og hvaða félög hafa ekki svarað. Ákveðið að fresta byrjun á fundarRætt og lagður til tími fyrir staðarfund nefndarinnar fyrir fundarherferð –
 3. Fleiri fundir í kjölfarið
2. Fundarferð Æskulýðsnefndar LH með æskulýðsfulltrúum aðildarfélaga
 - Fara yfir málefni sem áður hafa verið í fundarferðum æskulýðsnefndar.

- Ræddar voru hugmyndir fyrir fundina í ár, farið yfir uppkast að kynningu. Ákveðið að taka betur fyrir á staðarfundum og að þá verði mótað betur hvað fram á að koma og klárað verði að gera kynningu fyrir fundina.

- Formaður hefur sent póst á aðildarfélögin og óskað eftir upplýsingum um formenn æskulýðsnefnda aðildarfélaga. 12 félög búin að svara en formaður ætlar að senda ýtrekun á þau félög sem ekki hafa svarað póstinum.

3. Farið fyrir skipting aðildarfélaga fyrir fundarferðina. Skipting félaga verður eftirfarandi:

- Hópur 1: Fákur, Adam, Borgfirðingur, Grani, Snarfari, Blær, Kópur og Sleipnir
- Hópur 2: Hörður, Glaður, Skagfirðingur, Léttir, Feykir, Freyfaxi, Geysir og Háfeti
- Hópur 3: Sprettur, Snæfellingur, Hringur, Þjálfí, Geisli, Snæfaxi, Hornfirðingur og Sindri
- Hópur 4: Sörli, Brimfaxi, Neisti, Stormur, Funi, Hending, Gnýfari og Ljúfur
- Hópur 5: Sóti, Máni, Dreyri, Þytur, Glæsir, Þráinn, Glófaxi og Jökull

4. Handbók æskunnar

- Formaður hefur fengið sent frá Helgu B. Helgadóttur gamlar handbækur sem til voru í hennar fórum. Rennt var lauslega yfir handbækurnar og kynningu sem fylgdi þeim. Mögulegt er að uppfæra þær og spara þannig mikinn tíma og mikla vinnu við handbók æskunnar.

5. Önnur mál - ef tími gefst til

- Rætt um að nefndin myndi hvetja hestamannafélögin til að gera eitthvað úr degi íslenska hestsins 1. Maí. Verður auðsótt mál þegar öll félög hafa sent inn upplýsingar um formenn æskulýðsnefnda.

- Rætt um hvort hægt sé að reyna vekja meiri og jákvæða athygli á félagshesthúsunum. Jón Þorbjörg nefnir að mögulegt geti verið að fá Magnús Hlyn fréttamann til að fjalla um félagshesthús t.d. félagshesthús Sprettis.

- Lagt er til að fundarritari sendi fundagerð til Berglindar í LH um leið og hún hefur verið samþykkt hverju sinni.

Fundi slitið 21:30. Stefnt á að næsti fundur verði staðarfundur 7. mars með fyrirvara um samþykki annarra nefndarmanna.